



Deildarstjóri unglingsdeildar Grunnskólans í Þorlákshöfn

Við í Grunnskólanum í Þorlákshöfn leitum að deildarstjóra unglingsdeildar. Um 80% stöðu er að ræða og 20% kennslu samhlíða. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2025. Deildarstjóri starfar í fjögurra manna stjórnendateymi skólans við daglega stjórnun og faglega forystu. Í skólanum eru um 280 nemendur og starfsmenn eru um 60. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og teymiskennslu. Auk þess sem unnið er að innleiðingu leiðsagnarmats. Þá tekur skólinn þátt í verkefnum um Græn fána og Heilsueflandi skóla. Einkunnarorð skólans eru *vinátta, virðing og velgengni*. *Viltu vita meira? Kíktu þá á heimasíðuna okkar: <https://www.olfus.is/grunnskolin>*

Helstu verkefni deildarstjóra og ábyrgð:

- Veita faglega forystu um skólastarf og skólaþróun í samvinnu við aðra stjórnendur og kennara.
- Vinnur að mótun og framkvæmd stefnu skólans.
- Heldur utan um kennsluþörf og stoðþjónustu nemenda í 8. - 10. bekk í samvinnu við aðra stjórnendur.
- Stýrir vinnu í nemendateymum á unglingsstigi.
- Heldur utan um valgreinar í unglingsdeild.
- Stýrir starfi nemendaráðs.
- Stýrir stigsfundum og starfi í unglingsdeild í samvinnu við kennara á unglingsstigi.
- Önnur verkefni sem skólastjóri felur honum.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Reynsla af kennslu á unglingsstigi.
- Reynsla af þróunarstarfi og faglegri forystu.
- Færni í fjölbreyttum kennsluaðferðum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar, leiðsagnarnámi og innra mati skóla.
- Góð tæknipekking og hæfni til teymisvinnu.
- Áhugi og metnaður til að þróa og efla skólastarf.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Frumkvæði, góð samskiptafærni og skipulagshæfileikar.
- Reglusemi og stundvísi.


Umsókninni skal fylgja afrit af leyfisbréfi og greinargóð skýrsla/ferilskrá um fyrri störf umsækjanda, menntun, kennslu – og stjórnunarreynslu og þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni til að sinna starfi deildarstjóra.

Þá skal fylgja umsókninni greinargerð um hugmyndir umsækjanda og sýn á starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsóknarfrestur er til 23. mars 2025

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jóhanna Margrét, sviðstjóri Fjölskyldu- og fræðsluviðs olina@olfus.is / jmh@olfus.is

Umsóknum er skilað í gegnum rafræna umsókn á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.



ÖLFUS
Hamingjan er hér